

580377-0339


Tilkynningin afhendist bejarstjóra eða oddvita, í Reykjavík  
Mannatalskrifstofu, Þjóðskrá, eða lögregluvarðstofu.

### Flutningstilkynning innanlands

Flutning skal tilkynna innan 7 daga

Móttækid hjá RSK  
27. Mars 2008  
Fyrirtækiaskrá

Vinsamlegast skrifðu greinilega

Dagsetning flutnings (dagur, mánuður, ár)		4. janúar 2008	
Staður sem flutt er frá	Heimilisfang (götu-/húsnúmer, húsnúmer) Hafnarstræti 20	Íbúð (tölmenntar) ef við á 4. hæð	Sveitarfélag 101 Reykjavík
Staður sem flutt er til	Heimilisfang (götu-/húsnúmer, húsnúmer) Stöðumúli 29	Íbúð (tölmenntar) ef við á göðuhæð	Sveitarfélag 108 Reykjavík
Tilgreina skal alla sem flytja saman		Fullt nafn	
1	Samtök aldraðra bsf.	580377	0339
2			
3			
4			
5			
6			
7			
Athugasemdir			
Sendum inn tilkynningu ca. 15 janúar 2008 en hún virðist ekki hafa skilað sér / reynt aftur.			
Skrárist af vötrakanda tilkynningar		Skrárist af þeim sem tilkynnir flutning	
Metrókudagur tilkynningar	Undirskrift og stimpill	Dagsetning	Undirskrift
		25.03.2008	

VO\_B1016-0001  
05-99

Tilkynning nr. \_\_\_\_\_

#### Leiðbeiningar:

**Námsmenn:** Námsmenn sem dveljast í öðru sveitarfélagi vegna skólagöngu, geta haldið lögheimili í heimabyggð. Beiðni þar um ritist í athugasendum. Vottorð frá skóla verður að fylgja.

**Sambúð hefst:** Úrtylla þarf sérstakt eyðublað sem báðir aðilar undirrita.

**Sambúðarsilt:** Sambúðaraðilar, sem eiga börn saman, verða að framvísa vottorði frá sýslumanni um sambúðarsilt, ella er flutningstilkynning ekki tekin til greina.

**Flutningur barna 17 ára og yngri:** Tilkynningu þarf að fylgja skriflegt samþykki forsjármanns/manna eða þess aðila sem barnið var síðast skráð hjá.

**Annað hjóna fluttur:** Taka skal fram í athugasendum ef um fyrithugaðan skilnað er að ræða. Ef hjón eru að taka upp samvistar á ný, t.d. eftir skilnað að borði og seng, þá tilgreinist það í athugasendum.

RAW

RSK  
20. nóv. 2015  
MÓTTEKIÐ

Sendandi (nafn, kt., heimili, sími)

TILKYNNING

UM

SAMVINNUFÉLAG

Móttekið

Skráð

Birt

Magnús Björn Brynjólfsson, hrl.  
S. 552-5590 · F. 562-7323 · mbb@simnet.is

1 Heiti félagsins  
Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra 580377-0339

2a Heimili félagsins og varnarþing  
Síðumúla 29. Lögheimili og varnarþing er Síðumúli 29, Reykjavík  
108 Reykjavík

2b Útbú MBB

3 Tilgangur félagsins  
a. Að reisa með hagkvæmstu kjörum íbúðir fyrir félagsmenn sína til eigin afnota.  
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, s.s. samvinnusamböndum skv. lögum um samvinnufélög og hlutafélögum enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.  
c. Að útvega lán til byggingarfrankvæmda, sem félagið annast.  
d. Að vinna að öðrum velferðarmálum aldraðra.

4 Dagsetning samþykka  
3. apríl 2006.

5 Aðalstjórn, vara- og ritstjórn (nafn, kt., staða, heimili)  
Magnús Björn Brynjólfsson, 010853-3469, form. Aflagranni 31, R.  
Kári Arngrímsson, 030160-7899, varaform. Sandakri 7, 210 G. bæ.  
Ingólfur Antonsson, 241042-7669, ritari, Álandi 13, 108 Rvík.  
Valur Guðm. Sigurbergsson, 050540-2359, gjaldk. Sléttuvegi 23, R.  
Sveinbjörn Björnsson, 281036-2039, meðstj. Sléttuvegi 11, Rvík  
Erna Stefánsdóttir, 300362-5169, vara- og ritstj. Logafeld 93, 112 Rvík.  
Grétar Guðmundsson, 210653-3419, í vara- og ritstj. Birkiási 8, Garðabæ  
Rakel Margrét Viggósdóttir, 091134-4629, vara- og ritstj. Slétturvegi 19

Rithandarsýnishorn  
Magnús Brynjólfsson  
Kári Arngrímsson  
Ingólfur Antonsson  
Valur Sigurbergsson  
Sveinbjörn Björnsson  
Rakel Viggósdóttir  
Erna Stefánsdóttir  
Grétar Guðmundsson

6 Framkvæmdastjórn (kaupfélagsstjórn), prókúruhafar (nafn, kt., staða, heimili)  
Valur Guðmundur Sigurbergsson, 050540-2359, Sléttuvegi 23, Rvík

Rithandarsýnishorn  
Valur Sigurbergsson

7 Endurskoðendur (nafn, kt., staða, heimili)  
Kjörnir endurskoðendur á aðalfundi 2015.  
Erna P. Steinsen, 310541-2309, Slétturvegi 23, 103 Reykjavík, aðalmaður  
Hjördís Þórðardóttir, 070233-4360, Dalbraut 16, 105 Reykjavík, vara- og ritstj.  
Guðlaugur Guðmundsson, 040351-2059, löggr. endursk. Barðastöðum 23, 112 Rvík, hjá  
Sköttum og bókhaldi ehf, kt. 470110-1980, Súðavogi 7, 104 Rvík.

MBB  
MBB 30/12 15  
MBB 30/12 15

8 Firmað rit  
Stjórnarmenn, 3 saman skuldbinda félagið.

11888 Endurskipant Örnsteinn N.

9 Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi í félaginu

Til félagsfunda skal boða með minnst 7 daga fyrirvara með almennri auglýsingu í fréttabréfi félagsins.

10 Fjárhæð aðildargjalds, gjald dags þess og greiðsluform

Félagsmenn greiða árgjald, sem nemur kr.3.900 á hvern félagsmann.  
Árgjaldið er ákveðið á aðalfundi félagsins ár hvert.

Hér með staðfestist að framangreindar upplýsingar eru réttar. Jafnframt er því lýst yfir að uppfyllt eru skilyrði eftirfarandi ákvæða laga nr. 22 frá 27. mars 1991 um samvinnufélag: 3. mgr. 4. gr. (fjárföræði stofnenda og lögræði einstaklinga í þeirra hópi, þ.e. 18 ára aldur og ekki lögræðissvipting); 2. mgr. 27. gr. (stjórnarmenn lögráða, fjár síns ráðandi og hafa ekki með dómi í opinberu máli verið sviptir rétti til að rækja opinberan starfa eða stunda starfsemi samkvæmt opinberri heimild); 1. mgr. 69. gr. (lögræði og fjárföræði skoðunarmanna).

Staður og dagsetning Reykjavík 18. nóvember 2015

Vitundaryottar (nafn og kt.)

*[Handwritten signature]*  
05450-2029

*[Handwritten signature]*  
150253-5359

Full eiginhandarmöfn allra stjórnarmanna

*[Handwritten signatures]*  
Sveinleif Björn  
Rótel Vagnar  
Jón Magnússon  
Ólafur Stefánsson  
Eiríkur Guðmundsson  
Valur Jónsson

Tilkynningar ásamt fylgiskjöllum, skráningar- og birtingargjöldum skal senda samvinnufélagaskrá, Laugavegi 13, 101 Reykjavík (sími 627217, myndriti 627230).

Úr samvinnufélagalögum: Skráning samvinnufélaga.

9. gr.

Samvinnufélag skal skrásett samkvæmt lögum þessum og getur það þá fyrst öðlast réttindi á hendur öðrum aðilum með samningi og aðrir á hendur því. Óskrásett samvinnufélag getur ekki verið aðili að dómsmálum.

Ef löggerningur er gerður fyrir hönd óskrásetts félags bera þeir, sem átt hafa þátt í gerningnum eða ákvörðunum um hann, óskipta persónulega ábyrgð á efndum. Við skráninguna tekur félag við þeim skyldum sem leiddi af stofnsamningi eða sem félag hefur tekið á sig eftir stofnfund.

10. gr.

Ráðherra annast skráningu samvinnufélaga og heldur sérstaka skrá yfir samvinnufélag í landinu. Setur ráðherra nánari reglur um skipulag samvinnufélagaskrár og innheimtir skráningargjöld samkvæmt reglum um gjöld til ríkissjóðs.

Aðgangur að samvinnufélagaskrá er öllum heimill.

11. gr.

Innan mánaðar frá því að félag er stofnað skal stjórn tilkynna það til skráningar. Í tilkynningu skal greina:

1. Heiti félagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgang félagsins, starfssvæði eða starfssvið.
3. Dagsetningu félagssamþykta.
4. Nöfn, stöðu, heimilisfang og kennitölu stjórnenda, varastjórnenda, skoðunarmanna, endurskoðanda og framkvæmdastjóra.
5. Hver hafi heimild til þess að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé háttáð.
6. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi í félaginu.
7. Fjárhæð aðildargjalds, gjalddaga þess og greiðsluform.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í tveimur eintökum, svo og endurrit fundargerðar stofnfundar. Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum félagsins.

12. gr.

Ef samþykktum samvinnufélags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á þegar tilkynntum atriðum skal tilkynna það til samvinnufélagaskrár innan mánaðar frá því að breyting er gerð.

13. gr.

Nú vantar í tilkynningu til samvinnufélagaskrár greinargerð eða einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti og skal samvinnufélagaskrá í umboði viðskiptaráðherra þá birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er og gefa honum hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

14. gr.

Samvinnufélagaskrá í umboði ráðherra skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um skrásetningu samvinnufélags á kostnað tilkynnanda. Ráðherra setur nánari reglur um efni tilkynningar.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

Móttækið hjá RSK  
20. nóv. 2015  
Fyrirtækjaskrá



Lögmenn  
Björn Lindal, hdl.  
Höfðabakka 9  
110 Reykjavík

#### FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804  
netfang: postur@fel.stjr.is  
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 3. apríl 2006  
Tilv.: FEL06030018/4381

Vísað er til erindis yðar, dags. 28. mars 2006, þar sem óskað er eftir að félagsmálaráðuneytið staðfesti samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins þann 16. mars sl.

Eins og fram kemur í erindi yðar voru drög að samþykktunum send ráðuneytinu til yfirlestrar og í kjölfarið sendi ráðuneytið yður athugasemdir sínar með bréfi, dags. 7. mars sl. Í framhaldi af því var haldinn fundur með yður þar sem farið var yfir athugasemdir ráðuneytisins.

Með hliðsjón af framangreindu tekur ráðuneytið fram:

Með vísun í 1. mgr. 2. gr. laga um byggingarsamvinnufélög, nr. 153/1998, staðfestir ráðuneytið samþykktir Byggingarsamvinnufélagsins Samtaka aldraðra eins og þær voru staðfestar á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2006. Staðfesting ráðuneytisins er byggð á eftirfarandi forsendum:


Þegar einstaklingur gengur í félagið verði honum gert ljóst að félaginu sé heimilt að krefjast allt að 1% gjalds af félagsmanni við hverja endursölu íbúðar og að forkaupsréttur félagsins að íbúð hans sé ótímabundinn.

Sömu skilyrði gilda þegar sá, sem þegar er orðinn félagsmaður, festir kaup á íbúð.



Um framangreind tvö atriði er nauðsynlegt að aflað sé upplýsts og skriflegs samþykkis áður en einstaklingur gerist félagsmaður eða félagsmaður kaupir íbúð þar sem þessi atriði koma ekki með beinum hætti fram í lögum nr. 153/1998.

Fyrir hönd ráðherra



Guðjón Bragason



Þorgerður Benediksdóttir

Ljósrit: Íbúðalánasjóður



# SAMTÖK ALDRAÐRA

Síðumúli 29, 108 Reykjavík · Sími 552 6410 – fax 562 6414 · [www.aldradir.is](http://www.aldradir.is)

Ríkisskattstjóri  
Fyrirtækjaskrá,  
b.t. Bjarna Hlíðkvist Kristmarssonar, lögfr.  
Laugavegi 166, 105 Reykjavík.

Reykjavík 30.12.2015.


## Varðar skráningu Byggingarsamvinnufél. Samtaka aldraðra.

Með vísan til tölvupósts yðar dags. 30.12.2015, þar sem fram kemur að Fyrirtækjaskrá fallist á skráningu félagsins skal það ítrekað að stjórn Samtaka aldraðra bsf hafði þegar fyrr á þessu ári samþykkt að Guðlaugur Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, kt. 040351-2059, Barðastöðum 23, 112 Reykjavík, sem starfar hjá Sköttum og bókhaldi ehf, 470110-1980, Súðavogi 7, Reykjavík, yrði löggiltur endurskoðandi félagsins. Mun sú skipan verða áfram þar til annað er ákveðið.

Að yðar kröfu hefur stjórn félagsins fallist á að Erna F. Steinsen, kt. 310541-2309, Sléttuvegi 23, 103 Reykjavík og Hjördís Þórðarsdóttir, kt. 070233-4369, Dalbraut 16, 105 Reykjavík, verði leystar undan starfa sínum sem endurskoðendur Samtaka aldraðra bsf frá og með deginum í dag að telja.

Félagið áréttar þá kröfu að það haldi sinni gömlu kennitölu 580377-0339 hér eftir sem hingað til.

f.h. Byggingarsamvinnufélags Samtaka aldraðra

  
Magnús Björn Brynjólfsson, formaður



Reykjavík 20. nóv. 2015.

Fyrirtækjaskrá  
Ríkisskattstjóri  
Laugavegi 166,  
150 Reykjavík.

#### BEIÐNI UM LEIÐRÉTTINGU Á SKRÁNINGU

Undirritaður leyfir sér hér með fyrir hönd Byggingarsamvinnufélagsins Samtaka aldraðra að leiðrétta skráningu félagsins, sem teygir sig allar götur til ársins 1977.


Á undanförunum misserum hefur komið í ljós að byggingarsamvinnufélagið var ranglega skráð hjá Fyrirtækjaskrá. Félagið hefur frá upphafi 1977 staðið fyrir byggingarframkvæmdum fyrir aldraða, fyrst í Reykjavík og nú síðast á höfuðborgarsvæðinu, (Kópavogi).

Eins og fyrri samþykktir frá 1977 og 1981 bera með sér og staðfestar voru af viðkomandi ráðuneyti, var í báðum samþykktum upphaflega talað um Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra og bar að sjálfsögðu að skrá félagið sem slíkt í upphafi. Hins vegar virðist hafa orðið misbrestur á því og er hér með óskað eftir leiðréttingu á skráningu félagsins.

Félaginu var á árinu 1977 úthlutað kennitölu, sem var 580377-0339. Er þess óskað að félagið haldi sömu kennitölu eftirleiðis eins og hún var skráð í upphafi þ.e. **580377-0339**.

Virðingarfyllst,

f.h. Byggingarsamvinnufélagsins Samtaka aldraðra

  
Magnús Björn Brynjólfsson, formaður

Móttekið hjá *RSK*

20. nóv. 2015

Fyrirtækjaskrá

## **SAMÞYKKTIR** fyrir Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra

### **I. kafli** Almenn ákvæði

1. gr.

#### **Heiti félags, heimili og varnarþing**

Félagið heitir Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

#### **Tilgangur félags**

Tilgangur félagsins er:

- a. Að reisa með sem hagkvæmstu kjörum íbúðir eða íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota, ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið.
- b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, s. s. samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
- c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda sem félagið annast.
- d. Að vinna að öðrum velferðarmálum aldraðra.

3. gr.

#### **Félagssvæði**

Félagssvæði félagsins nær yfir Reykjavík og nágrenni.

4. gr.

#### **Félagsaðild**

Félagsmenn geta orðið einstaklingar sem eru fjárráða, hafa náð 50 ára aldri og eiga lögheimili á félagssvæðinu. Þeir félagsmenn sem hafa náð 60 ára aldri geta fengið úthlutað nýrri íbúð eða keypt eldri íbúð sem reist er á vegum félagsins. Stjórn félagsins skal halda skrá yfir nöfn allra félagsmanna. Hver félagsmaður skal fá skirteini sem sýni að hann sé löglegur félagi.

Við innngöngu í félagið skal hver félagsmaður undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann skuldbindi sig til að hlíta samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma.

5. gr.  
**Fjáröflun**

Félagið skal afla fjár með eftirfarandi hætti:

- a. Með árgjaldi, sem hverjum félagsmanni ber að greiða, og ákveðið skal á aðalfundi félagsins ár hvert.
- b. Með gjaldi sem nemur 1% af byggingarkostnaði hvernar íbúðar sem félagið lætur reisa og byggjandi greiðir.
- c. Með gjaldi sem nemur allt að 1% af endursöluverði íbúða og kaupandi greiðir.
- d. Með lántökum.
- e. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns eða annarra.

6. gr.  
**Rekstrarsjóður**

Tekjur samkvæmt a. lið 5. gr. renna í rekstrarsjóð. Rekstrarkostnaður félagsins greiðist úr rekstrarsjóði.

Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þ. m. t. kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda stendur, gerð byggingarsamnings, gerð verksamnings við verktaka og hönnuði, þátttaka í byggingarfundum og annað eftirlit með byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra, telst ekki rekstrarkostnaður í skilningi 1. mgr.

7. gr.  
**Varasjóður**

Tekjur samkvæmt b. og c. lið 5. gr. renna í varasjóð félagsins. Tekjur samkvæmt e. lið sömu greinar renna einnig í varasjóð nema annað sé tekið fram af þeim sem innir framlag eða gjöf af hendi til félagsins. Varasjóð skal ávaxta á sem hagstæðastan hátt hjá banka eða sparisjóð sem hefur leyfi Fjármálaeftirlitsins til starfsemi sinnar.

Tap, sem verða kann á rekstri félagsins, greiðist úr varasjóði.

II. kafli  
**Byggingarframkvæmdir**

8. gr.  
**Áætlanagerð og röðun í byggingarflokka**

Stjórn félagsins skal láta gera ítarlega áætlun um byggingarframkvæmdir ásamt greinargerð um öflun nauðsynlegs fjármagns til framkvæmdanna áður en hafist er handa um þær. Áætlunin ásamt greinargerð skal kynnt á félagsfundi.

Þegar stjórn félagsins undirbýr nýjan byggingarflokk skal hún auglýsa með áberandi hætti í fréttabréfi félagsins eftir umsóknum meðal félagsmanna um íbúðir í hlutaðeigandi byggingu. Skal félagsmönnum gefinn a. m. k. þriggja vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að skila umsóknum til stjórnar. Stjórnin skal raða félagsmönnum í byggingarflokka eftir umsóknum og skulu þeir hafa forgangsrétt að íbúðum sem lengst hafa verið í félaginu og sent inn umsókn á auglýstum umsóknarfresti. Úthlutun íbúðar er enn fremur háð því að félagsmaður uppfylli skilyrði fjármögnunaraðila.

9. gr.

#### Umsjón með byggingarframkvæmdum

Félagið annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna við hvern byggingarflokk, þ. m. t. samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við framkvæmdir. Félagið skal að jafnaði skila íbúðum fullgerðum til eigenda, en þó má stjórn þess veita undanþágu frá þessu skilyrði ef eigandi tryggir fullnaðarfrágang íbúðar innan hæfilegs tiltekins tíma.

Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru.

10. gr.

#### Byggingarsamningur

Félagið skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum.

Í byggingarsamningi skal kveðið á um rétt félagsmanna, sem eiga aðild að viðkomandi byggingarflokki, til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum. Í þessu skyni skulu þeir við stofnun byggingarflokksins kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum flokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi byggingarflokkinn. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningarnir lagðir fyrir fund byggingarflokksins til staðfestingar.

11. gr.

#### Ágreiningsmál o. fl.

Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdir uns íbúðirnar hafa verið afhentar og heimilt er henni að taka að sér slíkan málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við slík málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum.

Félagið verður ekki krafði skaðabóta af einstökum félagsmönnum eða byggingarflokkum nema tjón verði rakið til mistaka eða vanrækslu stjórnar eða

framkvæmdastjóra félagsins. Um bótarétt að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar.

### III. kafli Réttindi og skyldur félagsmanna

#### 12. gr.

#### Endursala íbúða og forkaupsréttur

Sá, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, má ekki selja íbúð nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti af hálfu félagsins. Söluverð íbúðar má aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar, að viðbætti verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, hversu oft sem eigendaskipti verða. Stjórn félagsins setur nánari reglur um útreikning kostnaðarverðs.

Neyti stjórnin eigi forkaupsréttar er félagsmanni og eiganda íbúðar eða erfingja, heimilt að selja íbúð. Enginn getur þó eignast íbúð í húsum félagsins nema vera félagsmaður, greiða árgjöld til félagsins og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í samþykktum þessum. Sölu íbúðar og tilboðsfrest skal auglýsa með áberandi hætti í fréttabréfi félagsins. Sala er háð samþykki stjórnar og skal bindandi kaupsíðum raðað í samræmi við lengd félagsaðildar tilboðsgjafa og tilboðsfjárhæð þannig að sá sem lengst hefur verið í félaginu og á hæsta tilboð, sbr. 1. mgr., eigi fyrsta kauprétt og þannig koll af kalli. Þó skal íbúðareigandi í sama húsi, eiga betri rétt án tillits til lengdar félagsaðildar, geri hann bindandi tilboð innan tilboðsfrests sem sé a. m. k. jafnhátt hæsta tilboði, hann sé að stækka eða minnka við sig og setji eigin íbúð á sama tíma í sölu.

Hafi félagsmaður og eigandi íbúðar andast hefur eftirlifandi maki, þ. m. t. samvistarmaki, ætíð forkaupsrétt að íbúð eða þeim eignarhluta sem ekki er í hans eigu eða telst arfshluti hans. Að honum frágengnum eiga börn og tengdabörn látins félagsmanns sams konar forkaupsrétt að íbúð. Sá þessara aðila sem hýtir forkaupsrétt skal vera félagsmaður og gengur forkaupsréttur hans framur rétti félagsins samkvæmt 1. mgr. Stjórn félagsins er þó heimilt í undantekningartilvikum að víkja frá framangreindum skilyrðum.

#### 13. gr.

#### Leiga íbúða

Íbúðir reistar á vegum félagsins eru ætlaðar til eigin afnota félagsmanna. Útleiga þeirra er því óheimil nema að fengu skriflegu leyfi stjórnar félagsins. Slíkt leyfi skal aðeins veitt um stundarsakir og aldrei til lengri tíma en 6 mánaða.

#### 14. gr.

#### Úrsögn úr félaginu o. fl.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send stjórn. Við úrsögn úr félaginu getur félagsmaður ekki gert neitt tilkall til sjóða félagsins. Verði félagsmaður ber að því að því að spilla álit félagsins eða vekja tortryggni hjá félagsmönnum er stjórninni heimilt að víkja honum úr félaginu. Taki stjórnin slíka ákvörðun skal hún tilkynna



það félagsmanni skriflega þegar í stað. Sætti hlutaðeigandi sig ekki við ákvörðun stjórnarinnar getur hann skotið máli sínu til næsta félagsfundar.

#### IV. kafli Félagsfundir

15. gr.

##### Æðsta vald í málefnum félags

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og félagssamþykktir ákveða.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Auk þess getur félagsstjórn boðað til aukafundar þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar ef fjórðungur félagsmanna óskar þess skriflega og greinir fundarefni. Hafi stjórn ekki boðað til fundar innan 14 daga eftir að henni barst krafan geta hlutaðeigandi félagsmenn sjálfir boðað til fundar. Skal slík fundarboðun vera í samræmi við lög og félagssamþykktir. Fundir eru lögmætir ef löglega er til þeirra boðað.

16. gr.

##### Boðun félagsfunda

Til félagsfunda skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Fundarboðun skal eiga sér stað með almennri auglýsingu í fréttabréfi félagsins. Í fundarboði skal greina málefni sem taka á fyrir á fundi. Ef taka á til meðferðar á fundi breytingar á samþykktum skulu breytingartillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins minnst 7 dögum fyrir fund og afhentar hverjum félagsmanni sem þess óskar.

17. gr.

##### Dagskrá aðalfundar

Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins:

Á fundinum skal taka ákvörðun um:

- a. Staðfestingu ársreiknings
- b. Kjör stjórnar og endurskoðenda
- c. Þóknun endurskoðenda fyrir liðið ár
- d. Önnur þau mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt lögum og félagssamþykktum.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum nema félagssamþykktir eða lög kveði á um annað. Tillaga um breytingu á félagssamþykktum telst því aðeins samþykkt að 2/3 hlutar fundarmanna á aðalfundi greiði henni atkvæði sitt.

18. gr.  
**Fundargerð**

Fundargerðir skulu ritaðar í fundargerðabók, sem lesin sé upp og borin undir atkvæði í fundarlok, eða í byrjun næsta fundar. Fundargerð skal staðfest með undirskrift fundarstjóra og ritara.

**IV. kafli**  
**Félagsstjórn og endurskoðun**

19. gr.  
**Skipan stjórnar**

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og öðrum 3 til vara. Stjórnin skal kjörin á aðalfundi.

Stjórnarmenn skulu kjörnir skriflega ef fleiri eru í kjöri, samkvæmt tilnefningu, en kjósa á. Endurkjósa má stjórn svo oft sem verða vill. Allir meðlimir félagsins eru skuldbundnir til að taka við kosningu eitt kjörtímabil. Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagsmaður. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund.

20. gr.  
**Stjórnarfundir**

Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundur er lögmætur ef minnst 3 stjórnarmenn eða varamenn þeirra eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum en séu þau jöfn ræður atkvæði formanns. Allar ákvarðanir stjórnarinnar skulu færðar í gerðabók stjórnar og rita viðstaddir stjórnarmenn undir ákvarðanir í lok fundar.

Félagsstjórn fer með málefni félagsins í samræmi við lög og félagssamþykktir og gætir hagsmuna þess í hvívetna. Stjórnin gætir þess að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í góðu og réttu horfi. Stjórnin hefur eftirlit með öllum framkvæmdum félagsins, innheimtir félagsgjöld og sér um eftirlit á húsum þeim sem félagið hefur byggt eða selt félagsmönnum að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki í höndum húsfélags viðkomandi húss. Stjórninni er heimilt að ráða félaginu launaðan framkvæmdastjóra.

21. gr.  
**Ritun firma og prókúrumboð**

Samningar þeir sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins, samkvæmt samþykktum þess, eða fundarályktunum í félaginu, eru bindandi fyrir félagið. Stjórnarmenn, 3 saman, skuldbinda félagið. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi. Stjórnin veitir stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra prókúrumboð.

22. gr.  
**Endurskoðun**

Aðalfundur kýs endurskoðanda og annan til vara. Skulu þeir vera félagsmenn. Kjörtímabil þeirra er tvö ár. Félagisstjórn er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda ásamt endurskoðendum félagsins uppgjör þess.

Endurskoðendur skulu sannprófa að reikningnum félagsins beri saman við bækur þess, enda eigi þeir hvenær sem er aðgang að öllum bókum þess og skjölum og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd starfans. Enn fremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Verði þeir varir við misfellur sem þeir álíta að félaginu geti stafað hættu af, skulu þeir hlutast til um að úrbætur séu gerðar svo fljótt sem þörf krefur. Takist það eigi, skulu þeir boða til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð gagnvart aðalfundi. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur er haldinn og skulu reikningarnir lagðir þar fram til staðfestingar.

**V. kafli**  
**Önnur atriði**

23. gr.  
**Lagatilvísanir**

Um skrásetningu félagsins og félagsslit fer eftir lögum um samvinnufélög. Sama er um öll önnur atriði, sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum en fjallað er um þeim lögum, lögum um byggingarsamvinnufélög og lögum um fjöleignarhús eftir því sem við á.

24. gr.  
**Gildistaka**

Samþykktar þessar voru samþykktar á aðalfundi Byggingarsamvinnufélagsins Samtök aldraðra 16. mars 2006 og öðlast gildi þegar þær hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Í stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Samtaka aldraðra

*[Handwritten signatures]*  
Guðni Gunnarsson

Með vísan til 7. gr. laga 153/1998 um byggingarsamvinnufélög eru samþykktir þessar hér með staðfestar af félagsmálaráðuneytinu

Reykjavík, mars 2006



RSK  
02. nóv. 2016  
MÓTTEKID  
Stjórn skal ávallt kjósa í samræmi við samþykktir/félagssamning félagsins.

580377-0339

### Tilkynning um breytingu á stjórn

Tilkynning þessi skal sýna stjórn félagsins í heild sinni.

Nafn félags	Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra	
Kennitala	5803770339	Netfang sendanda samtokaldradra@heimsnet.is

Fjöldi starfsmanna að jafnaði hjá félaginu er:  0-50  51+

Dagsetning fundar er stjórn var kjörin:	7.6.2016 17/10 16	Tilkynning skal berast innan mánaðar frá fundi
---	-------------------	--

Formaður stjórnar / stjórnarmaður í eins manns stjórn (sé einn í stjórn skal kjósa varamann)

Nafn	Magnús Björn Brynjólfsson	Kt.	0108533469
------	---------------------------	-----	------------

#### Meðstjórnendur

Nafn	Sveinbjörn Björnsson	Kt.	2810362039
Nafn	Ingólfur Antonsson	Kt.	2410427669
Nafn	Valur G. Sigurbergsson	Kt.	0505402359
Nafn	Grétar Guðmundsson	Kt.	2106533419

#### Varamenn

Nafn	Rakel M. Viggósdóttir	Kt.	0911344629
Nafn	Erna Stefánsdóttir	Kt.	3003625169
Nafn	Álfhildur Hallgrímsdóttir	Kt.	2008555669
Nafn		Kt.	

Meirihluti stjórnar eða skráður prókúruhafi skulu undirrita tilkynninguna. Nýir aðilar í stjórn ásamt varamönnum verða einnig að staðfesta stjórnarsetu sína með undirritun. Ef allir stjórnarmenn eru nýir þarf meirihluti fráfaraandi stjórnar einnig að undirrita. Sé verið að tilkynna stjórn hjá sf./sif. í fyrsta sinn skulu allir félagsmenn einnig undirrita tilkynninguna.

Formaður stjórnar í fjölskipaðri stjórn getur ekki verið framkvæmdastjóri. Í eins manns stjórn getur stjórnarmaður verið framkvæmdastjóri. Í hlutafélagum verður ávallt að vera a.m.k. einn framkvæmdastjóri.

Staður og dagsetning:	Reykjavík 17. okt. 2016
-----------------------	-------------------------

Undirritanir (nafn og kennitala):

*Magnús Brynjólfsson 010853-3469* *Ingólfur Antonsson 241042-7669*  
*Valur G. Sigurbergsson 050540-2359* *Sveinbjörn Björnsson 281036-2039*  
*Erna Stefánsdóttir 300362-5169* *Álfhildur Hallgrímsdóttir 2008555669*  
*Rakel Viggósdóttir 091134-4629*

Tilkynningargjald 2.950 kr. staðgreiðist eða lögðist inn á reikning: Ríkisskattstjóri kt. 540269-6029. Bankareikningur 0515-26-723000. Kvittun þarf að fylgja.

ATH. Félag greiðir aðeins eitt gjald óháð fjölda breytinga á eyðublöðum 17.40-17.49.